

Íslenska kalkpörungafélagið
Hafnarteigi 4
465 Bíldudalur

27. febrúar 2026
UOS-3737/P.S

Endurnýjun á leyfi Íslenska Kalkpörungafélagsins ehf. til hagnýtingar kalkpörungasetts á hafsbotni utan netlaga á tilgreindum svæðum í Ísafjarðardjúpi

Vísað er til erindis Íslenska Kalkpörungafélagsins ehf., kt. 680601-2670, dags. 8. janúar 2026, þar sem óskað er endurnýjunar á leyfi til hagnýtingar kalkpörungasetts af hafsbotni utan netlaga á tilgreindum svæðum í Ísafjarðardjúpi (leyfisnúmer: OS-2021-L008-01).

Umrætt leyfi var gefið út 17. mars 2021 með gildistíma til 16. mars 2051. Samkvæmt skilmála í 3. gr. leyfisins fellur leyfið úr gildi ef vinnsla kalkpörungasetts er ekki hafin innan fimm ára eftir veitingu þess. Hins vegar geti leyfishafi sótt um endurnýjun á leyfinu til Orkustofnunar áður en að þessum tímamörkum komi. Íslenska Kalkpörungafélagið sækir því um endurnýjun með vísan til 3. gr. leyfisins þar sem ljóst sé að vinnsla mun ekki hefjast innan fimm ára frá útgáfu leyfisins, þ.e. fyrir 16. mars nk.

Í erindi Íslenska Kalkpörungafélagsins kemur fram að framkvæmdir við landfyllingu undir verksmiðjuhús og hráefnislón séu langt komnar og byggingaframkvæmdir hefjist í mars/apríl á þessu ári. Þá sé umsókn um starfsleyfi verksmiðju í vinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun. Þetta hafi allt tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi. Ekki sé hægt að hefja nýtingu samkvæmt leyfinu fyrr en verksmiðjan í Súðavík sé fullbúin og tekin til starfa en nú er áætlað að það verði um mitt ár 2027. Þá sé ekki hægt að hefja efnistöku á grundvelli leyfisins fyrr en skilyrði í því hafi verið uppfyllt. Í ofangreindu erindi og í tölvupósti, dags. 3. febrúar 2026, kemur fram að nú sé unnið að því að uppfylla öll skilyrði leyfisins, s.s. skilyrði um rannsóknir sem leyfið gerir kröfur um að séu búnar áður en efnistaka hefst. Unnið sé í samræmi við rannsóknaráætlun sem Umhverfis- og orkustofnun samþykkti í tölvupósti 4. júní 2025.

Umfjöllun

Orkustofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa og tók hún við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir erindi Íslenska Kalkþörungafélagsins og fellst á beiðni um endurnýjun á áður útgefnu leyfi, dags 17. mars 2021, til hagnýtingar kalkþörungasetts af hafsbotni utan netlaga á tilgreindum svæðum í Ísafjarðardjúpi með vísan til 3. gr. leyfisins. Skilyrði leyfisins haldast að öðru leyti óbreytt.

Leyfið fellur úr gildi ef vinnsla kalkþörungasetts er ekki hafin innan fimm ára eftir veitingu þessarar endurnýjunar. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis að nýju.

Ákvarðanir Umhverfis- og orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt lögum nr. 73/1990 um eignarétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 6. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sbr. nánar 4. gr. þeirra laga.

Virðingarfyllst,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymisstjóri